

Gaston Ásmundsson, gagnstefnanda, Byggingarsamvinnufélaginu Garði, kr. 4.000,00 auk 6% ársvaxta frá 15. sept. 1948 til greiðsludags, og gagnstefndi Guðmundur Tómasson greiði gagnstefnanda auk þess einn saman kr. 2.000,00 auk 6% ársvaxta frá sama degi til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. marz 1954.

Nr. 180/1953. **Borgarstjórnin í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Guttormur Erlendsson)

gegn

Háskólaráði vegna Sáttmálasjóðs sem eiganda Tjarnarbíós (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamar Hæstaréttar.

Um gjaldskyldu kvikmyndahúss samkv. lögum nr. 28/1952.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak á hendur stefnda. Svo krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðar fógeta og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er andstætt lagarökum og lagasamræmi, að eftirgefinn skemmtanaskattur sé gerður að gjaldstofni samkvæmt 2. gr. laga nr. 28/1952 og að kvikmyndahúsi, sem undan skemmtanaskatti er þegið, sé gert að greiða hlutfallslega hærra gjald

til áfrýjanda samkvæmt nefndum lögum en kvikmyndahúsum, er skemmtanaskatt greiða. Verður og ekki talið fullvíst, þrátt fyrir orða hljóðan laganna, að þeir, sem þau settu, hafi viljað stofna til slíkrar skattlagningar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. júlí 1953.

Gerðarþola, Tjarnarbíói í Reykjavík, var gert að greiða gjald af kvikmyndasýningum stofnunarinnar í aprílmánuði sl., er nam alls kr. 7.940,58. Er þessi álagning gerð samkvæmt heimild í lögum nr. 28 4. febrúar 1952, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 26. febrúar 1952. Gerðarþoli hefur þegar greitt upp í ofangreinda upphæð kr. 5.756,17. Eftirstöðvarnar, kr. 2.184,41, hefur gerðarþoli hins vegar neitað að greiða, og hefur því borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak yrði framkvæmt í eignum gerðarþola fyrir áðurgreindum eftirstöðvum auk vaxta, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, skv. 5. gr. 1. nr. 28/1952, sbr. 1. tl. 1. gr. 1. nr. 29/1885.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt því, að umbeðin lögtaksgerð verði látin fara fram. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að gerðarbeiðanda verði gert að greiða umbjóðanda sínum, Háskólaráði vegna Sáttmálasjóðs, hæfilegan málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati réttarins, en Sáttmálasjóður starfrækir Tjarnarbíó.

Réttarkröfur sínar reisir umboðsmaður gerðarþola á því, að hann telur eðlilegast að skilja svo ákvæði 2. gr. laga nr. 28/1952, að gerðarþola sé heimilt að draga frá heildarandvirði seldra aðgöngumiða þann hundraðshluta, er kvikmyndahúsum ber að greiða í skemmtanaskatt á hverjum tíma, áður en gjald af kvikmyndasýningum samkvæmt 1. nr. 28/1952 er reiknað út. Telur hann það ekki skipta máli, þótt eitthvert kvikmyndahús þurfi ekki að greiða skemmtanaskatt vegna undanþáguákvæða laga um skemmtanaskatt, sbr. 1. nr. 56/1927, 3. gr., enda verði ef til vill alls ekki um það sagt, hvort kvikmyndahús njóti undanþágu frá skemmtanaskatti, fyrr en síðar, er úr því hefur verið skorið með dómi. Ef skilningur gerðarbeiðanda ætti að ráða í þessu efni, yrði niðurstaðan sú, að þau

kvikmyndahús, sem eru undanþeginn skemmtanaskatti, þyrftu að bera þyngrri kvöð í þessu tilliti gagnvart bæjar- eða sveitarsjóðum en hin, sem skemmtanaskattinn greiða, — þ. e. gjald hinna fyrrnefndu yrði þá reiknað af hlutfallslega hærri skattstofni en hinna síðartöldu. — Í greinargerð frumvarpsins að l. nr. 28/1952 hefði þetta sjónarmið hvergi komið fram, og hefði þó svo átt að vera, ef til þess hefði verið ætlað, að það sjónarmið réði. Hins vegar telur umboðsmaður gerðarþola, að eðlisrök málsins styðji framangreindan skilning hans á þessu atriði, enda væri það óeðlilegt, að Tjarnarbíó ætti að greiða hlutfallslega miklu hærra kvikmyndasýningagjald en önnur kvikmyndahús hér í bæ, en til slíks mundi skilningur gerðarbeiðanda leiða. Slíkt væri í litlu samræmi við sérstöðu Tjarnarbíós að öðru leyti, sem aftur byggist á því, að það sé í rauninni hálfopinber stofnun og að öllum ágóða þess sé varið til almenningsheilla.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt framangreindum skilningi umboðsmanns gerðarþola og hefur haldið fast við þá skoðun sína, að gerðarþola beri að greiða hið umkrafa gjald. Byggir hann þann skilning sinn á orðalagi l. nr. 28/1952, þar sem í 2. gr. sé talað um „álagðan skemmtanaskatt“, og hljóti þar að vera átt við þann skemmtanaskatt, sem raunverulega sé á lagður. — Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda með skírskotan til þessa svo og annarra sóknargagna haldið fast við þá kröfu sína, að lögtakið nái fram að ganga, og enn fremur hefur hann mótmælt öllum kröfum gerðarþola, þar á meðal kröfu hans um málskostnað úr hendi gerðarbeiðanda.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Skv. l. nr. 28/1952 er sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppnefndum) heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda. Samkvæmt 2. gr. laganna má gjaldið vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur. Í samræmi við þessa lagaheimild ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi sínum 26. febrúar 1952 að innheimta þetta gjald með 9%. Var því gerðarþoli krafinn um þetta gjald, reiknað af kr. 88.228,72, sem var heildarsala aðgöngumiða fyrir-tækisins í marzmánuði sl., og nam upphæð gjaldsins kr. 7.940,58. Þessar kr. 88.228,72, sem gjaldið er miðað við, er brúttósala aðgöngumiða, þannig að ekki er þar dregin frá sú upphæð, er skemmtanaskattur mundi nema, ef gerðarþola bæri að greiða hann, en gerðarþoli er að lögum undanþeginn skemmtanaskatti. Ef skemmtanaskattsupphæðin hefði hins vegar verið dregin frá, hefði upphæð sú, sem gjaldið miðaðist við, orðið kr. 63.957,48 og gjaldið sjálft, 9% af þeirri upphæð, kr. 5.756,17. Þessa upphæð hafa forráðamenn gerðarþola þegar greitt, en hafa hins vegar neitað að greiða hærri upphæðina, og nemur sá mismunur kr. 2.184,41. Rök forráðamanna

gerðarþola hafa verið tilfærð hér að framan og svo rök gerðarbeiðanda fyrir kröfu hans. Það er réttilega tekið fram af umboðsmanni gerðarþola, að með því að krefjast af gerðarþola áður nefnds gjalds af heildarsölu aðgöngumiða án þess að draga frá þá upphæð, sem skemmtanaskattinum mundi nema, þá er þetta gjald gerðarþola reiknað af hærri skattstofni hlutfallslega en gjald annarra kvikmyndahúsa hér í bæ, þar sem skemmtanaskattur sá, sem þeim ber að greiða, er dreginn frá heildaraðgöngumiðasölu þeirra, áður en gjaldið er reiknað út. — Nú er það að visu svo, að gerðarþoli er undanþeginn greiðslu skemmtanaskatts og að í 2. gr. nefndra laga, nr. 28/1952, er kveðið svo á, að gjaldið megi vera allt að 10% af aðgangseyri, „þegar frá honum hefur verið dreginn *álagður* skemmtanaskattur“. — Hér kemur því til álita, hvernig skilja beri eftir atvikum orðið „álagður“ í nefndri lagagrein. — Það er ljóst af fyrri afskiptum löggjafans af starfsemi gerðarþola og afkomu hans, að löggjafinn hefur ætlað gerðarþola nokkra sérstöðu honum til hagsbóta miðað við önnur kvikmyndahús hér í bæ, sbr. undanþágu hans frá greiðslu skemmtanaskatts. Það væri því tæplega í samræmi við þessar aðgerðir löggjafans að ætla, að hann hafi með ákvæði 2. gr. nefndra laga viljað þröngva kosti gerðarþola frekar en annarra kvikmyndahúsa hér. Nær sanni mundi að áliti réttarins vera að líta svo á, að ákvæði 2. gr. sé almennt og nái þá einnig til þeirra kvikmyndahúsa, sem vera kunna af sérstökum ástæðum undanþegin skemmtanaskatti. Verður rétturinn í því efni að fallast á sjónarmið umboðsmanns gerðarþola. Af því leiðir, að rétturinn lítur svo á, að gerðarþola beri eigi að greiða þær kr. 2.184,41, sem hann er hér krafinn um. Þykir því verða að neita um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. — Hins vegar verður eftir atvikum ekki fallizt á málskostnaðarkröfu gerðarþola.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er ekki tekin til greina.
